

Tveir nýir valkostir

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir næsta sumar hvað varðar sumarhús og íbúðir.

Nú í sumar verður boðið upp á tvo nýja valkosti fyrir félagsmenn, sumarhús í Munaðarnesi og sumarhús á Einarstöðum á Héraði. Einnig verða í boði tvær íbúðir í Reykjavík, tvö hús á Illugastöðum, eitt í Flókalundi í Vatnsfirði, Skógarsel í Vaglaskógi og tvö hús í Ölfusborgum. Annað húsið í Ölfusborgum er í helmingsseign á móti Verkalýðsfélagi Vestfirðinga og eiga félagar í FVSA því rétt á að leigja húsið aðra hverja viku í sumar. Þetta á einnig við um húsið á Einarstöðum, en það er í eigu Vökuls stéttarfélags, en hægt er að leigja það aðra hverja viku í sumar.

Í öllum okkar íbúðum og sumarhúsum er boðið upp á sjónvarp og útvarp. Þá er samnanbrjótanlegt ungbarnarúm á öllum stöðum sem og ungbarnastólar.

Nánar er sagt frá þeim húsum og íbúðum, sem í boði eru í sumar, í opnu fréttabréfsins. Vert er að minnst á



Munaðarnes - nýr valkostur í orlofshúsum FVSA.
Sjá miðopnu.

að húsin á Illugastöðum, í Vaglaskógi og í Ölfusborgum eru einnig til leigu yfir vetrarmánuðina.

Síðastliðið sumar fengu 74 félagsmenn úthlutað vikudvöl í orlofshúsi en hafna þurfti 41 umsækjanda.

• **Með fréttabréfinu fylgir umsóknareyðublað sem umsækjendur þurfa að fylla út og senda til félagsins eigi síðar en 28. mars nk. Umsækjendur fá síðan sent skriflegt svar.**

Páll H. Jónsson gerður að heiðursfélaga

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var í lok febrúar, var Páll H. Jónsson, fyrrum formaður félagsins, gerður að heiðursfélaga FVSA. Hann er sá fjórði sem félagið heiðrar með þessum hætti. Aðrir heiðursfélagar eru þau Ása Helgadóttir, fyrrverandi starfsmaður félagsins, Kolbeinn Helgason, fyrrum formaður og Jóna Steinbergsdóttir, fyrrum formaður.



Páll H. jónsson.

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA, sagði m.a. við þetta tækifæri að það væri bæði ánægja og heiður að tilkynna að stjórn félagsins hefði ákveðið á fundi sínum þann 30. janúar sl. að gera Pál H. Jónsson að heiðursfélaga á þessum aðalfundi. „Páll gekk í félagið 1958 þá 19 ára gamall og hefur verið félagsmaður æ síðan eða í hart nær fimmtíu ár. Fyrstu 10 árin vann hann í verslun Raflagnadeildar KEA en eftir það hefur hann unnið skrifstofustörf, fyrst hjá Ljósgejafanum, þá í 11 ár í Kjötíðnaðarstöð KEA, í 18 ár á skrifstofu ÚA og síðustu 11 árin hjá Hafnasamlagi Norðurlands þar sem hann starfar nú.

Hann hefur nú óslitið í um 26 ár verið valinn til trúnaðarstarfa fyrir félagið. Um 1980 tók hann sæti í stjórn sjúkrasjóðs og gegndi því til 1998. Hann var líka í full-

trúaráði og í varastjórn og á undanförunum 14 árum hefur hann verið annað hvort varaformaður eða formaður félagsins.

Allir sem þekkja til Páls vita hve mörgum góðum kostum hann er búinn sem ómetanlegur er í félagslegu starfi. Hann er strangheiðarlegur og nákvæmur og tekur ekki ákvarðanir án þess að skoða málin frá öllum hliðum. Nú þegar hann gefur ekki kost á sér áfram til stjórnarstarfa vill félagið þakka honum fyrir langt, óeigin-gjarnt og farsælt starf fyrir Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og sem táknrænan þakklætisvott vil ég fyrir hönd félagsins biðja þig, Páll, að taka við heiðurskjali sem staðfestir að frá og með þessum degi ert þú einn af fjórum heiðursfélögum FVSA,“ sagði Úlfhildur í ræðu sinni. Viðtal við Pál er á bls. 3.

Sumarferð 2007

Þann 18. ágúst nk. verður farið í dagsferð félagsins. Nú verður farið í Skagafjörð og Siglufjörð. Um er að ræða safnaferð því fyrirhugað er að skoða Hóla, Vesturfarasetrið, Róaldsbrakka, mynni Héðinsfjarðaganga og jafnvel eitthvað fleira. Leiðsögumenn verða hjónin Hrefna Hjálmarsdóttir og Ingólfur Ármannsson. Skráning fer fram á skrifstofu félagsins.

Góð afkoma og sterk eiginfjárstaða

Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyrri og nágrenni var haldinn á Akureyri 20. febrúar sl. Þar kom meðal annars fram að sjúkrasjóður félagsins var rekinn með um 4,1 milljónar króna hagnaði á árinu 2006 og félagssjóður með um 8 milljóna króna hagnaði, en tekjur félagsins af félagsgjöldum hækkðu um 15,7% á milli ára. Alls skilaði rekstur félagsins um 18,6 milljón-um króna í hagnað þegar á heildina er litið, samanborið við 12,2 milljónir króna árið á undan.

Fullgildum félagsmönnum fjölgaði á síðasta ári um 104 og voru um síðustu áramót 1.644, 586 karlar og 1.058 konur, þar af eru 254 gjaldfrjálsir en gjaldfrjálsir eru starfandi félagsmenn 67 ára og eldri svo og lífeyrisþegar.

Sterk eiginfjárstaða

Afkoma félagsins var rúmlega 6,4 milljónum krónum betri en árið á undan. Félagssjóður var rekinn með um 8 milljóna króna hagnaði, samanborið við rúmlega 2,4 milljóna króna hagnað árið 2005. Afkoma sjúkrasjóðs var jákvæð um 4,2 milljónir króna, samanborið við 1,4 milljóna króna hagnað árið áður. Greiðslur úr sjóðnum námu tæplega 31 milljón króna á árinu 2006 og hækk- uðu um 1,5 milljónir króna á milli ára. Tæplega helm- ingur upphæðarinnar voru sjúkradagpeningar, um 6,6 milljónir vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds, 2,8 milljónir í dánarbætur og 3,2 milljónir voru niður- greiðsla vegna heilsuræktar. Styrkir vegna krabbameins- leitar og Heilsugæslustöðvar Akureyrar námu um 600 þúsund krónum og niðurgreiðsla lyfjakostnaðar nam um 500 þúsund krónum. Aðrir styrkir voru um 2,3 milljónir króna.

Sem fyrr segir skilaði rekstur félagsins hagnaði upp á um 18,6 milljónir króna árið 2006 þegar á heildina er lit- ið. Eiginfjárstaða félagsins er mjög sterk, því eigið fé þess í árslok 2006 nam um 258,6 milljónum króna.

Engar sameiningar í bráð

Mikið hefur verið fjallað og fundað um samvinnu og sameiningu stéttarféлага á starfsárinu. Úlfhildur Rögn- valdsdóttir, formaður félags- ins, sagði m.a. í skýrslu stjórnar að á þingi LÍV, sem haldið var Akureyri haustið 2005, var samþykkt að láta



Frá aðalfundi 2007.

reyna á það hvort vilji væri hjá aðildarfélagunum til nán- ara samstarfs og var stjórninni falið að kanna mismun- andi leiðir allt frá sameiningu féлага til nánari samvinnu einstakra aðildarféлага eða sjóða þeirra. „Jafnframt þessari vinnu innan LÍV kom boð frá Verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði til stéttarfélaganna hér við Eyjafjörð um að skoðað yrði hvort vilji væri til sameiningar stétt-



Frá aðalfundi 2007.

arfélaganna í eitt deildaskipt félag. Þannig fjallaði stjórn félagsins á árinu bæði um svæðisbundna sameiningu hér við fjörðinn og samvinnu eða sameiningu verslunar- mannafélaga á landsvísu.“

Úlfhildur sagði að mikil vinna hefði verið lögð í bæði þessi verkefni og að útkoman hafi verið sú að ekki var talinn grundvöllur til sameiningar allra verslunarmanna- féлага í eitt félag á landsvísu og málið því sett í biðstöðu af hendi landssambandsins. Hvað sameiningu stéttarfé- laganna við Eyjafjörð varðar var hugmyndin sú að stofn- að yrði eitt deildaskipt félag. „Félögin sem tóku þátt í þessu ferli voru auk okkar Eining-Íðja, Sjómannafélag Eyjafjarðar, Félag málmíðnaðarmanna, Félag bygginga- manna, Rafvirkjafélag Norðlendinga, Sjómannafélag Ólafsfjarðar og Vaka á Siglufirði. Innan okkar stjórnar var raunar meiri vilji til að skoða þessa leið heldur en að sameinast á landsvísu, en ákveðið var af félögunum hér við fjörðinn að fresta frekari vinnu við málið,“ sagði Úlf- hildur.

Innri málefni félagsins rædd

Úlfhildur sagði að m.a. vegna þeirrar umræðu, sem verið hefur um skipulagsmál stéttarféлага, hafi stjórnin ákveðið að taka tilboði Péturs Guðjónssonar hjá fyrirtækinu GCG um að skipuleggja og stýra níu fundum hjá félaginu, þar sem innri málefni félagsins væru rædd, hvernig félagsmenn meta núverandi þjónustu og hvert menn vilja stefna til framtíðar litið. „Þrír fyrstu fundirnir voru haldnir 7. febrúar sl. og lofa þeir góðu, en þar komu fram margar góðar ábendingar. Tilhögunin er þannig að valið er fólk af handahófi af félagaskránni en reynt að passa upp á að félagsmenn komi frá sem flest- um starfsgreinum eða vinnustöðum. Á hverjum fundi eru 15-20 félagsmenn ásamt fulltrúa úr stjórn og starfs- mönnum félagsins. Hver fundur tekur eina og hálfu klukkustund, eru haldnir að morgni, í hádegi og seinni partinn.“

Með þessum níu fundum næst samband við u.þ.b. 10% félagsmanna. Eftir að þeim lýkur verður gerð samantekt á því helsta sem fram kemur á fundunum og verða helstu niðurstöður birtar á heimasíðu félagsins, www.fvsa.is, og auðvitað verður reynt að koma til móts við þær áherslur og atriði sem fram koma.

Heiðursfélaginn Páll H. Jónsson

„Félagið orðið hluti af mér sjálfum eftir svona langa samveru!“

Á síðasta aðalfundi FVSA lét Páll H. Jónsson af störfum fyrir félagið og var við það tækifæri gerður að heiðursfélaga þess. Síðastliðin 26 ár hefur Páll unnið ýmis trúnaðarstörf fyrir félagið og hefur auk þess verið í félaginu í um 50 ár. „Það er erfitt að finna orð sem við eiga á þessari stundu, en ég vil engu að síður reyna að þakka þann sóma sem mér er sýndur með þessari ákvörðun. Mér hlýnar óneitanlega um hjartarætur þegar einhver telur að ég hafi gert eitthvert gagn á þessari hálfu öld sem ég hef verið í félaginu,“ var það fyrsta sem Páll sagði eftir að hann var sæmdur nafnbótinni heiðursfélagi FVSA.

Margs að minnst

„Þegar ég lít til baka er margs að minnst. Þegar ég gekk í félagið fór ég fljótlega að sækja þá fundi sem það stóð fyrir. Það var ekki algengt hjá ungu fólki á þessum tíma og því miður á það við enn í dag. Eitt af því fyrsta sem ég man eftir var þegar Kristófer Vilhjálmsson, sem þá var formaður, og Baldur Halldórsson, ritari félagsins á þeim tíma, boðuðu mig á fund til sín. Tílefnið var hvort ég gæti bent þeim á einhverja leið fyrir stjórnina til að gera félagið meira aðlaðandi fyrir unga fólki þannig að það færi að sækja meira fundi og taka aukinn þátt í félagsstarfinu.“

Góðir samstarfsmenn

„Eitt af því fyrsta sem ég var beðinn um að gera, það er að segja eftir að ég var farinn að taka fullan þátt í félagsstarfinu, var að fara suður á Selfoss með Jónu Steinbergsdóttur, þáverandi formanni félagsins. Erindið var að taka þátt í að stofna Landsbyggðarsamtök verslunarmanna, en með því var ætlunin að ná meiri og betri



Páll H. Jónsson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Jóna Steinbergsdóttir.

samstöðu þeirra félaga sem á landsbyggðinni bjuggu. Með þessari ferð suður má segja að mitt góða samstarf við Jónu hafi byrjað. Það stóð í mörg ár og ég vil nota tækifærið og þakka henni sérstaklega fyrir það.

Á þessum langa tíma, sem ég hef komið að félaginu, hef ég unnið með mörgu mætu fólki og vil ég færa því öllu mínar bestu þakkir. Ætli það skipti ekki hundruðum þegar allt er talið. Margir eru nú horfnir yfir móðuna miklu en þeir eiga líka þakkir skyldar. Ég óska líka þeim sem sitja áfram í stjórn félagsins allra heilla í starfi og sömuleiðis þeim sem þar eru að koma nýir inn.“

Er og verður mitt félag

„Það hafa farið fram umræður við önnur stéttarfélög um sameiningar og ýmiss konar samvinnu á undanförunum árum en í mínum huga á félagið að starfa áfram í þeirri mynd sem það er núna því það hefur alla burði til þess. Ég hef haft mikla ánægju af starfi mínu fyrir félagið og ég sé ekki eftir þeim tíma sem í það hefur farið þótt eðlilega hafi stundum blásið á móti og gagnrýni fylgt sumum ákvörðunum sem teknar hafa verið, en svona er bara félagsstarfið.

Að lokum vil ég fá að þakka félaginu mínu fyrir það sem það hefur gert fyrir mig á þessum áratugum, það vill oft gleymast. Eftir svona langa samveru finnst mér það vera orðið hluti af mér sjálfum. Þess vegna þykir mér vænt um félagið. Félag verslunar- og skrifstofufólks hefur verið, er og mun verða, mitt stéttarfélag,“ segir Páll að lokum.



Páll að störfum á þingi Alþýðusambands Norðurlands fyrir allnokkrum árum. Með honum á myndinni eru Siguróli M. Sigurðsson og Guðrún S. Óskarsdóttir.

Nýtt sumarið 2007

Munaðarnes

Lýsing: Orlofshúshverfið í Munaðarnesi hefur notið vinsælda meðal landsmanna um árabil. Húsið, sem er nr. 69, er um 52m² og samanstendur af anddyri, stofu, borðstofu, eldhúsi, 3 svefnherbergjum og baðherbergi. Verönd er við húsið og heitur pottur. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi og fyrir 2 í koju í hvoru barnaherbergi.

Sængur og koddar eru í húsinu en sængurföt fást afhent í þjónustumiðstöð við komu. Í eldhúsinu er ísskápur, eldavél með ofni, borðbúnaður og áhöld fyrir 8 manns. Kolagrill er í húsinu. Í baðherberginu er vaskur, salerni og sturta. Í húsinu eru sjónvarp og útvarp.

Skiptidagar: Afhending hússins er á föstudögum og á að rýma húsið fyrir kl. 15. Nýir leigjendur geta komið



eftir þann tíma. Seinki leigutaka fram yfir afgreiðslutíma á föstudagskvöldi, þ.e. eftir kl. 22, þá verður að hafa samráð um það við staðarhaldara. Sömuleiðis þurfa leigjendur, sem ekki koma í húsin á föstudegi, að láta vita.

Lyklar: Afhendast í þjónustumiðstöð við komu, ásamt sængurfatnaði og hreinlætisvörum.

Okkar álit: Þjónusta á svæðinu er komin í mjög fastar skorður, aðstaðan eins og best verður á kosið og möguleikarnir óþrjótandi.

Nýtt sumarið 2007

Einarsstaðir

Lýsing: Húsið, sem er nr. 19, skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveim herbergjunum er tvíbreitt rúm og koja þar yfir, en kojur í minna herberginu. Kolagrill og garðhúsgögn eru við öll húsin. Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsunum er allur búnaður miðaður við átta manns. Örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp eru í öllum húsunum.

Skiptidagar: Íbúðin leigist í eina viku í senn. Afhending íbúðarinnar til komugesta er milli kl. 16 og 19 á



föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma hana eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni.

Okkar álit: Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði.

Flókalundur, Vatnsfirði

Lýsing: Þessi staður er nú í boði í fjórða sinn og nýtur hann mikilla vinsælda. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með alls fimm til sex svefnplássum, stofa, eldhús með öllum algengustu eldhústækjum eins og hellu með ofni og örbylgjuofni. Sjónvarp er í húsinu og sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dveljast í orlofshúsabyggðinni.

Skiptidagar: Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 14 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni orlofsbyggðarinnar.

Okkar álit: Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja.



Skógarsel, Vaglaskógi

Lýsing: Skemmtilega staðsett sumarhús á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, góð stofa, eldhús með öllum búnaði, baðherbergi og sturta. Gistiástaða er fyrir átta manns. Rúmföt fylgja en án líns. Við húsið er stór heitur pottur með nuddi. Umhverfis húsið er stór girtur garður og í honum eru barnaleiktæki og barnahús.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 14 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.



Ljósheimar 6, Reykjavík

(Tvær íbúðir)

Lýsing: Tvær þriggja herbergja íbúðir í Ljósheimum 6, sjöttu og sjöundu hæð. Íbúðirnar eru vel búnar og vistlegar. Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð, góð sofa, vel búíð eldhús og baðherbergi með sturtu. Rúmföt fylgja, lín á þau og einnig handklæði. Gistiaðstaða er fyrir sex manns í hvorri íbúð.



Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 16 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 14 á skiptidögum.



Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Sívinsælar íbúðir, enda vel staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Verlunarmiðstöðin í Glæsibæ er rétt við húsið og stutt í Laugardalinn, Skeifuna og fleiri staði.

Orlofsbyggðin Ölfusborgum

Lýsing: Í sumar verða tvö hús í boði í orlofsbyggðinni í Ölfusborgum: Eitt sumarhús í helmingseign félagsins á móti Verkalýðsfélagi Vestfirðinga og annað í leiguskiptum við VR. Vel búin hús á skemmtilegum stað, með tveimur svefnherbergjum og á staðnum er gistingu-leiki fyrir sex til átta manns.

Rúmföt fylgja, án líns, en hægt er að leigja rúmföt á staðnum. Eldhús með öllum búnaði, góð sofa og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er við húsin og leiktæki eru fyrir börn á útisvæði. Sólstofa er við annað húsið. Stutt er í Hveragerði þar sem er verlun, ýmis þjónusta og afþreying.

Skiptidagar: Húsin leigjast í eina viku í senn. Af-



hending húsanna til komugesta er milli kl. 15 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma húsin kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni í Ölfusborgum.

Okkar álit: Góður orlofskostur í grónu sumarhúshaverfi. Margir möguleikar í ferðum um Suður- og Suðvesturland.

Illugastaðir: Hús nr. 2 og 19

Lýsing: Tvö hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Þetta eru bjálkahús byggð árin 2001 og 2004. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, vel búíð eldhús, stofa og baðherbergi með sturtu. Svefnrými er fyrir sex manns og að auki eru svefnsofar í stofu.

Vorið 2004 var tekin í notkun nýinnréttuð neðri hæð í húsinu númer 19 á Illugastöðum. Á hæðinni er svefnpláss fyrir tvo auk eldunaraðstöðu. Húsið er leigt í einu lagi og þar er svefnpláss fyrir 10 manns. Það er því tilvalið fyrir stórfjölskylduna en hentar ekki síður minni hópum.

Í fyrra var lokið við að leggja hitaveitu á svæðið og því var hægt að leggja vatnshitakerfi í húsin. Sólþallar voru stækkaðir og heitir pottar settir við húsin.

Rúmföt fylgja, án líns, sem hægt er að leigja hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verlun.

Skiptidagar: Húsin leigjast í eina viku í senn. Afhending húsanna til komugesta er milli kl. 17 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 15 á skiptidögum.



Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.

Okkar álit: Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar í dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Vetrarleiga: Orlofshúsin á Illugastöðum eru einnig leigð yfir vetrarmánuðina, en þá er um sólarhringsleigu að ræða.

Reglugerð Sjúkrasjóðs FVSA

Sjúkradagpeningar og styrkir eru greiddir samkvæmt eftirfarandi reglum:

- Sjóðsfélagar fá greidda dagpeninga í veikinda- og slysaförllum í 180 daga (6 mánuði) að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga.
- Dagpeningur nema 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.
- Sjóðsfélagar fá greidda dagpeninga í 90 daga (3 mánuði) að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna.
- Sjóðsfélagar fá greidda dagpeninga í 90 daga (3 mánuði) vegna mjög alvarlegra veikinda maka.
- Nánasti aðstandandi sjóðfélaga fær eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga kr. 300.000, en kr. 200.000 vegna lífeyrisþega.
- Sjúkraþjálfun gr. að fullu
- Krabbameinsleit gr. að fullu
- Líkamsrækt 35% hámark, kr. 10.000
- Sálfræðiþjónusta 35% hámark, kr. 20.000
- Nudd utan TR 35% hámark, kr. 20.000
- Gleraugnagler 35% hámark, kr. 15.000
- Vímuefna meðferð sjúkradagpeningar meðan á meðferð stendur
- HL-endurhæfing 70%
- Gigtarleikfimi 70%
- Lyfjakostnaður 50% af upphæð umfram kr. 20.000, hámark kr. 20.000
- Heilsustofnun NLFÍ 50% af dvalarkostnaði
- Glasa-/tæknifrjóvgun 50% af meðferðarkostnaði, hámark kr. 52.500
- Nýjung - Lasik-augnaðgerðir 10% af aðgerðarkostnaði, hámark kr. 35.000.



Við erum hér fyrir ykkur!

Skrifstofa FVSA er á 3. hæð í Alþýðuhúsinu, Skipagötu 14 á Akureyri. Þar starfa þær Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Erla Halls, Guðrún Guðmundsdóttir og Kristín Þorgilsdóttir. Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 8.30 til 16 og síminn er 462 1635.

Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér og nýta þá þjónustu sem veitt er á skrifstofu félagsins og koma sjónarmiðum sínum og hugmyndum á framfæri um öll þau mál sem varða félagið og félagsstarfið.

Niðurgreidd tjaldvagnaleiga

Félagsmenn eru minntir á að FVSA niðurgreiðir tjaldvagnaleigu. Greiddur er helmingur af vikuleigu, þó að hámarki krónur 14.000. Skila þarf reikningum á skrifstofu félagsins til að fá endurgreiðslu.

Nýtið ykkur starfsmenntasjóð!

Alls fengu 302 félagsmenn FVSA styrk á árinu úr starfsmenntasjóði að upphæð kr. 5.600.000 en um 500.000 voru ekki nýtt af félagsmönnum. Enn og aftur eru félagsmenn hvattir til að kynna sér réttindi sín til endurgreiðslu. Allt nám og tólstundanámskeið hvers konar eru styrkhæf ef þau eru haldin af viðurkenndum aðilum. Upphæð endurgreiðslna er allt frá því að vera kr. 2.125, sem er helmingur af skráningargjaldi í framhaldsskóla, upp í að vera um kr. 100.000 vegna háskólanáms, en meðaltalsupphæð á endurgreiðslu er tæpar kr. 19.000.

Verslunarfagnám

Síðastliðið haust var stofnað til verslunarfagnáms á svæðinu á vegum Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. Þetta nám er hannað sérstaklega fyrir starfandi verslunarfólk og fer fram bæði í skóla og á vinnustað. Það tekur yfir þrjár annir og er metið til 51 framhaldsskólaeiningar. Starfsmenntasjóðurinn styrkir þetta nám að 75% og hófu 11 nemendur frá fimm verslunum á Akureyri slíkt nám sl. haust.

Lækkað verð

Á skrifstofu félagsins er hægt að kaupa miða í Hvalfjarðargöng. Frá 1. mars sl. lækkaði verð á miða í kr. 560. Athugið! Ekki er hægt að greiða með korti.



Breytingar á stjórn og fulltrúaráði

Tvær breytingar urðu á stjórn FVSA á aðalfundi félagsins. Úr stjórn fóru þeir Páll H. Jónsson og Reynir Svanholt og í þeirra stað komu Eiður Stefánsson og Svavar Hannesson nýir í stjórn.

Aðeins einn listi kom fram við stjórnarkjör og var stjórnin því sjálfkjörin. Í henni eiga sæti: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA; Einar Hjartarson, Eimskip; Friðbjörg Jóhannsdóttir, Samkaupum Dalvík; Eiður Stefánsson, Flugfélagi Íslands og Svavar Hannesson, Norðlenska matborðinu. Í varastjórn eru Elísabet Hallgrímsdóttir, Gallup; Hildur Tryggvadóttir, Húsa-smiðjunni Lónsbakka og Margrét Guðmundsdóttir, Pennanum-Bókval.

Skoðunarmenn reikninga félagsins voru kjörnir þeir Gylfi Pálsson, Fódursólunni-Bústólpa og Eiður Eiðsson, Kjarnafæði. Til vara var kjörin Pálína Austfjörð, Pricewaterhouse Coopers.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var m.a. skipt niður verkum innan hennar. Formaður er Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson er varaformaður, Svavar Hannesson er gjaldkeri, Eiður Stefánsson er ritari og Friðbjörg Jóhannsdóttir er meðstjórnandi. Á fundinum var einnig samþykkt að birta fundargerðir stjórnar á heimasíðu félagsins, www.fvsa.is.



Úlfhildur færði Reyni þennan fina blómavönd er hún hafði þakkað honum fyrir hans góðu störf í þágu félagsins á liðnum árum.

Fulltrúaráð

12 aðalmenn og 6 varamenn í Fulltrúaráð félagsins voru einnig kjörnir til eins árs á fundinum.

Fulltrúaráð

Erla Bjarnadóttir	Samkaup Úrval, Hrísalundi
Árni Þorvaldsson	Byko
Heiðar K. Ólafsson	Nettó, Glerártorgi
Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir	Braudgerð Kr. Jónssonar
Þórdís Bjarnadóttir	Höldur
Nína G. Ingvarsdóttir	Hagkaup
Guðmundur Kristjánsson	Húsa-smiðjan Lónsbakka
Steindór Hermannsson	Skeljungur Hörgárbraut
Sigurlaug Hinriksdóttir	Samkaup Strax, Byggðavegi
Erna Magnúsdóttir	Bifreiðastöð Oddeyrar
Gíslína Benediktsdóttir	Braudg. Kr. Jónssonar
Guðjón Rúnar Guðjónsson	Flugfélag Íslands

Varamenn í fulltrúaráð

Signý Sigurðardóttir	Nettó, Glerártorgi
Anna María Elíasdóttir	Þormóður rammi
Joan Katrín Lénharðsdóttir	Álnabær
Sigríður Sigyn Sigvarðard.	Betri líðan
Magnús Kristinnsson	Ekran
Kristín Þorgilsdóttir	FVSA



Stjórn FVSA 2007-2008, efri röð f.v.: Eiður Stefánsson, Einar Hjartarson og Svavar Hannesson. Neðri röð f.v.: Friðbjörg Jóhannsdóttir og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.

Standist þrýsting!

Dæmin sýna að launþegar geta staðið frammi fyrir því að vinnuveitendur þrýsti á um gerð fastlaunasamninga, ráðningarsamninga eða starfslokasamninga. Mikilvægt er að launþegar skrifi ekki undir samninga nema að vel athuguðu máli og að höfðu samráði við stéttarfélag sitt. Slíkt hafa launþegar fulla heimild til að gera og eiga að notfæra sér þann rétt.

Afsláttur á árskortum í líkamsrækt

Samkomulag hefur verið gert við þrjár líkamsræktarstöðvar um afslátt á árskortum. Það eina sem félagsmenn þurfa að gera er að koma með reikninginn til félagsins og þá endurgreiðum við 35%, að hámarki kr. 10.000.

Verð á árskortum til félagsmanna, áður en félagið niðurgreiður þau, er:

Átak	kr. 39.900
Bjarg	kr. 39.000
Vaxtarræktin	kr. 31.900

Varúð!

Þar sem heitur pottur er við orlofshús er aldrei of varlega farið. Því minnum við á þá góðu reglu að láta börnin aldrei vera án umsjónar í eða við heita pottinn og setja lokið yfir hann þegar hann er ekki í notkun. Þó stöðugt sé leitast við að hafa blöndunartæki í lagi og búnað pottanna sem öruggastan geta alltaf komið upp þau tilvik að eitthvað gefi sig fyrirvaralaust og því er alltaf góð regla að prófa hitastig vatnsins með hendinni áður en stokkið er út í.

Sýnum fyllstu aðgæslu og fyrirbyggju, þá eru meiri líkur á því að sumarfríð verði áfallalaust og allir komi kátir heim!

Orlofsuppbót

Starfsfólk sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár og er í starfi síðustu viku apríl eða fyrstu viku maí, skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu.

Orlofsuppbót á árinu 2007 er kr. 17.400 miðað við fullt starf en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Starfshlutfall miðast við fasta reglubundna vinnu, þó að hámarki 39,5 stundir hjá afgangslufólki og 37,5 stundir hjá skrifstofufólki á viku. Fullt starf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

Orlofsuppbót vegna áunnins tíma

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfellt starf á orlofsárinu skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma, miðað við starfshlutfall og starfstíma. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu



Mynd úr sumarferð félagsins sl. sumar.

vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum.

Heimilt er með samkomulagi milli starfsmanns og vinnuveitanda að fella niður eða lækka orlofs- og/eða desemberuppbót og veita samsvarandi frí í staðinn, sem tekur mið af launum hvers og eins.

Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum og á hana greiðist ekki orlof.

Skemmtiferðir á vegum FVSA

Á hverju ári stendur FVSA fyrir nokkrum skemmtiferðum og uppákomum fyrir félagsmenn sína. Í apríl í fyrra var m.a. farið í leikhúsfarferð til Dalvíkur þar sem öllum lífeyrisþegum félagsins var boðið að sjá sýninguna „Blessað barnalán“ í leikstjórn Sunnu Borgar. Rúmlega 70 lífeyrisþegar félagsins þáðu boðið og vakti ferðin mikla lukku meðal félagsmanna. Að sýningu lokinni fóru leikhúsgestirnir í safnaðarheimilið þar sem þeirra beið veglegt kaffihlaðborð. Fjölmargir notuðu einnig tækifærið og skoðuðu kirkjuna.

Tveggja daga sumarferð

Laugardaginn 19. ágúst 2006 var lagt af stað í hina árlegu sumarferð FVSA, sem að þessu sinni stóð yfir í tvo daga. Stefnan var tekin á Snæfellsnes í yndislegu veðri, sólin skein glatt og veður var kyrrt. Fararstjórar og leiðsögumenn voru hjónin Ingólfur Ármannsson og Hrefna Hjálmarsdóttir.

Í Stykkishólmi voru danskir dagar og var dvalist þar



Jóna og Hörður að göngu lokinni.

fram eftir degi í blíðskaparveðri. Gist var á Hótel Ólafsvík og þar var einnig snæddur kvöldverður. Á sunnudeginum var ekið um Snæfellsnes, m.a. var farið að Hellnum og þeir sem vildu gengu að Arnarstapa, aðrir fóru akandi. Í Borgarnesi beið svo

glæsilegt kaffihlaðborð og eftir það var stefnan tekin heim á leið. Þrátt fyrir rigningarspá veðurfræðinga dagana fyrir ferðina, hefur sólin örugglega aldrei skinið glaðar eða lognið verið meira en í þessari sumarferð félagsins.

Við á skrifstofu félagsins þökkum ferðafélögum okkar öllum frábæra og þægilega ferð og vonumst til að eiga margar slíkar eftir. Að lokum látum við fylgja með vísu sem Erla Halls töfraði fram í tilefni þess að Jóna Steinbergsdóttir var í vöndum skóm er gengið var að Hellnum og fékk Hörður það hlutverk að leiða hana.

*Hópurinn frá Hellnum gekk,
heldur á fótinn var það bratt.
En hlutverk gott hann Hörður fékk
að halda við Jónu, ég segi satt.*

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Stjórn FVSA hvetur félagsmenn sína til að kjósa trúnaðarmann á vinnustaðnum ef þar er ekki starfandi trúnaðarmaður. Vinnustaðir þar sem starfa fimm eða fleiri eiga rétt á að hafa trúnaðarmann.

„Trúnaðarmaður er í raun tenging við félagið og okkur í félaginu finnst það mjög mikils virði að á hverjum vinnustað sé einstaklingur sem sinnir þessu starfi,“ segir Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður félagsins. Hún hvetur líka félagsmenn til að vera í sambandi við félagið og koma við á skrifstofunni. „Ef við vitum ekki af vandamálunum þá höldum við að engin slík séu til staðar. Hlutverk okkar er að þjónusta félagsmennina og því eiga þeir að leita til okkar með vandamál sín.“